

Landa-gjaldmiðar.

Hvað ætlið þér að gera við sölu gjaldmiðla yðar?

Komið með þá á bankann til vaxinnar eða óhultrar geymslu. Þér munuð hætta fljótt, kurteis og fullkomin viðskipti við næsta bankadeild vora.

Riverton bankadeild, H. M. Sampson, umboðamaður

IMPERIAL BANK

Riverton bankadeild, H. M. Sampson, umboðamaður
Ótúð að GIMLI

(370)

fræðikennari við Háskólann í L. Á við sjálf að skipið mundi stað Magnúsar Jónssonar, sem nú er orðinn ráðherra.

Látin eru merkisjórnir Guðmundur hreppstjóri Erlendsson og Ingibjörg Sigurðardóttir í Mjóadal í Austur-Húnavatns-sýslu. Banamein beggja lungnabólga. Lögðust þau sama dag bæði og andaðist þann 2. f. m. en hún 6. f. m. Áttu þau þrjú börn á lífi: Sigurður skólameistara á Akureyri og húsrúpar Elíasabetu í Mjóadal og Ingibjörgu í Stúmsdala.

INGIBJÖRG OLAFSSON

sem verið hefir nokkur árið al framkvæmdastjóri Kristlegs-félags ungtra-kvenna í Kaupmannahöfn og fjölmargir landar hafa leit að til um ýmsar leiðbeiningar. — lét af þeim starfa um síðustu áramót og er nú ferðafulltrúi og aðal skrifari K. F. U. K. um öll Norðurlönd. — Samsetti var henni haldið að skilnaði í Hafnardeildinni og útleyst með góðum gjöfum, því að hún var þar mjög vinsæl.

Ingibjörg hefir dvalið í Svíþjóð síðan um áramót og oftast verið á ferðalögum. Aprílmánuð verður hún í Finnlandi, og fer svo til Norega. Vegna þessara ferðalaga getur hún ekki tekið að sér að útvega íslenskum stúlkum vistir eða annað í Danmörku, og hefir hún í nýkomnu bréfi beðið að geta þess í ísl. blaði, að ekki sé til neins að leita til sín í þeim efnum, og því síður geti hún leiðbeint ókunnugum Íslendingum, sem til Hafnar koma, eins og stundum áður, þar sem hún er allflutt þáðan.

Það mun einsdæmi, að nokkur íslenskur karlmaður, hvað þá kona, hafi hlotið yfirstjórn jafn fjölmenns dansks félags eins og K. F. U. K. í Khöfn er, — og þó er ferðafulltrúastaðan fyrir félag með mörgum tugum þúsunda um öll Norðurlönd enn meiri virðing-arstaða. Vér samgleðjumst Ingibjörgu öll, sem hófum kynst henni, og vonum að hún geti komið miklu góðu til vegar málefna-ins vegna — og Íslandi til bóma.

Whelm Reinhold, þýski botn-vörpungurinn, sem áfengið var tekið af hér um jólaeytið í vetur, kom hingað nýlega. eftir 6 daga ferð frá Þýskalandi, til að sækja skipstjóra sinn, sem hér hafði verið undir lögreglugæslu, og hafði tekið út hegningu sína.

Dánarfragn. 3. f. m. andaðist hér íbænum frk. Martha Stephensen, systir Magnúsar sál. Stephensen, landshöfðingja.

Seagull hlekkist á. Þilskipið Seagull (Skipastjóri Friðrik Olafsson), kom inn í morgun með tvo elastaða menn, Jens Guðmundsson frá Ólafsvík og Guðmund Guðmundsson úr Tálknafirði. Þeir voru báðir fluttir á sjúkrahús og var hinn fyrrnefndi einkalega þjáður. Seagull var sölvestur af Vestmannaeyjum þegar veðrið mikla skall á hús í fyrarkvöld. Var þá skipinu lagt til drifts og fór alt vel fram undir morgun, en á sjöunda tímanum, þegar farið var að birta, kom ógurlegur sjór á skipið, lagði það á hliðina, tók út bátinn, braut rúður í styrksvæðinu og skolaði áttavitanum fyrir bórð.

Lá við sjálf að skipið mundi stað Magnúsar Jónssonar, sem nú er orðinn ráðherra.

Látin eru merkisjórnir Guðmundur hreppstjóri Erlendsson og Ingibjörg Sigurðardóttir í Mjóadal í Austur-Húnavatns-sýslu. Banamein beggja lungnabólga. Lögðust þau sama dag bæði og andaðist þann 2. f. m. en hún 6. f. m. Áttu þau þrjú börn á lífi: Sigurður skólameistara á Akureyri og húsrúpar Elíasabetu í Mjóadal og Ingibjörgu í Stúmsdala.

Ingibjörg hefir dvalið í Svíþjóð síðan um áramót og oftast verið á ferðalögum. Aprílmánuð verður hún í Finnlandi, og fer svo til Norega. Vegna þessara ferðalaga getur hún ekki tekið að sér að útvega íslenskum stúlkum vistir eða annað í Danmörku, og hefir hún í nýkomnu bréfi beðið að geta þess í ísl. blaði, að ekki sé til neins að leita til sín í þeim efnum, og því síður geti hún leiðbeint ókunnugum Íslendingum, sem til Hafnar koma, eins og stundum áður, þar sem hún er allflutt þáðan.

Skrift og lestur.

Svo tæst til á skýralum, að hver fullvita- og fulltíða maður á Íslandi kunni að lesa og skrifa, og kunnugt er, að margir menn, einkum ólærðir, skrifa listavel. — Hefir útlendingum stundum orðið starynt á rithönd íslenskra alþýðumanna, er þeir hafa af hendingu séð drepa niður penna eða blýanti. Sumir þessara lista-skrifara hafa aldrei á skóla gengið og "kent sér sjálfir". Margir lærðir menn hér á landi hafa og skrifað hina fegursta rithönd, svo sem séra Sigurður, fadir Jóns forseta, og þeir frændur fleiri. En hins er ekki að dyljast, að nú geta drengir komist óskrifandi gegnum barnaskóla, og þaðan gegnum gagnfræðaskóla og Mentaskólann og sjálfan háskólann, án þess að þeir kunni að skrifa þ. e. a. a. án þess að þeir geti skrifað læsilega hönd. — Slíkt hilduleysi í menta-málum er vitavert, þó að strákum geti haldist það uppi, að komast óskrifandi úr barnaskóla, þá ætti það ekki að leyfast í öðrum skólum. Og íraun og veru ætti hver skólagegninn eða "mentadur" maður að telja það skyldu sína að vera vel skrifandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að greinileg rithönd er nauðsynleg við sum störf og beinlínis sett að skilyrði útlands, t. d. við bókavæðarstílf. Hér mega bókaverðir sennilega vera óskrifandi, þó að þeir séu það ekki í raun og veru. Verzlunarmönnum er oft gert að skyldu að skrifa vel og margir þeirra eru ágætir skrifarar. Eins þyrftu símanenn að vera. Eg hefi oft fengið mjög ólæsileg og alólæsileg skýti frá landsímanstöðinni hér, en nú er farið að vérlita skýtin, og má þá segja að litla skýti um skriftina.

Skrift og lestur er oft nefnt í sönnu andránni, og væri fróðlegt að vita, hve margir menn getu lesið vel og áheyrilega hér á landi. Þeir eru áreiðanlega færri en vera ætti, eða vera með tí. Lestur er ein ágætasta list og miklu torleikari en skrift. Þó hefir margir máður lært að lesa ágætlega tilnáðan-litð í miklu minni rækt er lögð við lesturæfningu en vera ætti. Eg ætlað þó ekki til þess, að börn-

um sé kendum svokallaður "listalestur", því að sárfaum er sú gáfa gefin að beita honum svo vel fari og hefi eg ekki setið undir leiðinlegri "lestir" eða "skemmtun", heldur en upplestri alíkra manna, er skortir allan innri eða dýpri skilning á því, sem þeir eru að fara með. En hitt ætla eg fæstum of-ætlun, að geta lesið sæmlega skýrt og rétt með kæljalausu lestralagi, og það ætla eg mætti takast að kenna flestum börnum í barnaskólum, ef alíð væri við það lögð. Er það miklu meira vert en margur hyggur, og ætti að verða til þess að viðhalda einum beztu og merkilegasta þjóðarskiði á Íslandi, sem víða hefir tíðkast, — að lesa upphátt. Sú skemmtun mun nú heldur að leggja niður á heimilum, með vaxandi skólagöngum, en ætti að aukast með ári hverju. Er þar gott verkefni fyrir kennarastéttina, presta, ung-ingafélög og aðra þá, sem auka vilja þekkingu, skemmtun og menningu í landinu. — E. K. R. Visir

De Wet látinn.

Garli Christian Rudolf De Wet dó 3. febrúar á þessu ári. Um síðustu aldamót var hann víðfrægur maður og svo að segja kunnur hverju mannsbarni út um allan heim, vegna framgöngu sinnar í Búa-styrjöldinni. En mjög var hljótt um hann hin síðustu árin.

De Wet var fæddur 7. október 1854 nálægt Smithfield í Orange-fríríkinu í Suður-Afríku. Hann kvæntist 1873 og var kona hans Corelia Kruger. Þau eignuðust 10 börn.

Skömmu áður en Kruger, forseti Búa, sendi Englendingum úrslitakosti, var De Wet boðið út og fór hann í hernáðinn með þrem sonum sínum. Hann hafði lítil völd í fyrstu, en tókst giftusamlega á fyrstu herferðum sínum og hækkaði brátt í tigninni. Frægur varð hann fyrst eftir orustu eina, sem hann háði við Englendinga á samt öðrum Búaföringja 30. nóv. 1899. — Þeir Búaföringjarnir höfðu 360 menn en feldu 203 Englendinga, tóku 817 til fanga, náðu tveimur hrisakotabyssum, 1000 riflum, skotfærum, hestum, málösum og fleira, en af Búum féllu fjórir en fimm særðust.

Eftir þenna sigur var De Wet yfirforingi og hafði þá mest við vestarlega í landinu. Snemma árs 1900 varð Philip Botha aðstoðar-hershöfðingi hans og voru þeir samherjar úr því, uns P. Botha féll í lok styrjaldarinnar. De Wet vann margan frægan sigur á Bretum árin 1900 og 1901, en þar kom að lokum, að Búar voru of-urlið börnir, sem kunnugt er, en allir lofuðu vörn þeirra.

Þegar farið var að semja um frið, var De Wet orðinn vara-forseti Búa og var honum mjög nauðugt að semja frið og gekk síðastur sinna manna að friðarkostum Breta. Varð Kitchener til þess að telja um fyrir honum og blíðka hann og fyrir hans fortölur lét hann að lokum undan, enda fengu Búar góða friðarkosti, einkalega í framkvæmdinni.

De Wet hvatti landa sína til að sýna Bretum trúskap, þegar friður var á kominn. Þegar Suður-Afríka samneinaðist, var hann einn þeirra fjöggra manna, sem falið varð að koma skipulagi á hermál landsins, en hann kom ekki skapi við félaga sína og sagði af sér, en þó hafði hann enn nokkur afskipti af opinberum málum.

Þegar styrjöldin mikla hófst, fengu Þjóðverjar nokkra Búa í líð með sér í Suður-Afríku til þess að hefja uppreisn gegn Bretum. Einn þeirra var aldavinur og samherji De Wet's, og svo fóru leikar, að De Wet greip til vopna gegn Bretum en varð lítið ágengt og varð að gefast upp. Var hann sakadur um landráð og dæmdur í fangelsi en laus látinn í desember 1915 með því skilyrði, að hann ætti engan þátt í stjórnsálfum úr því.

Samvinna.

Breta og Þjóðverja í Rússlandi.

Árið 1919 stofnuðu Bretar hlutafélag, sem heitir Russo-Asiatic Consolidated Ltd. Félagið er samsteypa úr fjórum eldri félögum og er hlutafé þess 12 milljónir sterlingspunda. — Félag þetta á akurlendi, skóga, námur og námréttindi í Úralfjöllum og Vestur-Síberíu, á svæði sem er yfir tveir og hálfa milljón ekrur. Félagið lætur vinna 12 námur, sem gefa af sér kopar, blý, sink, gull og silfur. Ennfremur á það járn námur, kolanámur, málmbæðsluverksmiðjur, sögunarmylnur, járnbrautir og fljótaskip.

Í janúarmánuði síðastliðnum komu þýskir fulltrúar til Englands frá bankamönnunum Krupp og Mendelssohn í þeim erindagjörðum að falast eftir kaupum í hlutabréfum í þessu félagi og er svo að sjá af brezkum blöðum, sem það hafi verið auðsagt. Bretum er það ljóst, að þeir eru ekki einfærir um að endurreisa iðnað og verzlun í Rússlandi. Til þess þarf samvinnu sem allra flestra stórbjóða. Samvinna við Þjóðverja er að því leyti mjög æskileg, að þeir eru náðbúar Rússa og gagnkunnugir landsmáttum frá fyrri árum. Þeim er allra þjóða hægst að flytja til Rússlands þær nauðsynjar, sem Rússar þarfnast helst.

A hinn bóginn er Þjóðverjum mjög hugleikið að komast í samvinnu við Englendinga um iðnaðarrekstur í Rússlandi, því að þýza stjórmin er svo völd í sessi enn, að Þjóðverjum þykir meiri styrkur að Bretum, ef deila þarf við Rússa um einhver ágreininga-atríði. A friðartnum voru Þjóðverjar vanir að kaupa hér um bil milljón tonna af kopar, blý og sinki á ári hverju, og þeir þurfa mjög á þessum málum að halda enn, en hafa ekki efni á að kaupa þá, vegna gengismunar, nema þeir fái þá hjá félagi þessu í vöruskiptum.

— Visir

Tolstoy og konan hans.

"Anna Karenina" er einskis virði. Hún er leiðinleg, ófullkomin og jafnvel ruddaleg. Hver mundi vilja verða til þess að kveða upp slíkan dóm yfir öðru eins listaverki. Eflaust enginn nema sá, sem gerði það — höfundurinn sjálfur. Hann hafði þetta á orði á meðan bókinn var í smíðum, og eftir að hún var fullgerð fór hann um hana enn harðari orðum.

Ílyans, einn af sonum Tolstoy's, hefir ritað bók um föður sinn, eða minningar frá æskuárumum. Er þar sagt frá mörgu, er annars mundi þoku hulið. Margir þeirra, sem um Tolsty hafa skrifað, hafa lítið á þennan mikla mann sem nokkurskonar vinnubræll, er klæðast hafi lélegustu fataræflum og unnið verstu bændavinnu, en látið fjölskylduna lífa við auð og allsmægtir og njóta framúrskarandi hógólífs. Það er satt, að hann barst ekki mikli á í búningi, og plægði og yrkti jörðina, en ef nokkur var vinnubræll á heimilinu, þá var það konan hans.

Ílyas getur þess, að ef lí vill hafi hann og ætíðinu betur tekið eftir starfsemi móður þeirra vegna þess, að hún vann að jafnaði í dagstofunni, en hitt sé þó eins víst, að hún hafi notið skemri hvíldar, en nokkur annar á heimilinu. Hún stóð ýmist á höfði óbúvernum eða sat við skrifborðið. Á kvöldið las hún yfir og endurritaði handrit manns síns og gekk ekki til hvílu fyr en langt var liðið á nótt.

Það er sagt að skrift Tolstoy's hafi verið alsem aflestrar; sonur hans leigir hún hafi verið hið eðlilega. Þá bætti það ekki úr skali, að hann skrifaði oft heilar setningar á milli lina eða á hornið á blaði — eða þvert yfir blaðsöðuna. Ef kona hans gat svo ekki komist

PURITY FLOUR

"More Bread and Better Bread"

Þegar þér hafið eins sinni reynt það til bókunar, þá munuð þér áreiðanlega

Avalt baka úr því

Blíðis matvörusalann um poka af hinu nýja "High Patent" Purity Flour.



Ford

Við getum nú selt yður með hínu

NÝJA LÁGA VERÐI

Nýjar eða notaðar Ford-bíreiðar með okkar góðu Borgunarskilmálum —

LÍTILLI NIÐURBORGUN

Og það sem eftir er með mánaðaraborgunum; Vér tökum einnig hina gömlu bíreið yður sem fyrstu niðurborgun.

— Vér tölum íslensku. —

DOMINION MOTOR CAR CO., LTD.

Horn Fort og Graham. Talaíni N7316

RJETT A MOTI ORPHEUM LEIKHOSINU.

fram úr einhverju, þá varð hún að leita með það til manns síns. Þreif hann þá oft handritið kuldalega, spurði hvað nú væri að, og fór að lesa upphátt. Þegar hann svo kom að því, sem erfiðast var að komast fram úr, tautaði hann stygðaryrði í hálfum hljóðum og átti oft erfiðt mjög með að lesa, eða öllu heldur geta til, hvað hann hafði skrifað. Sagt er að kona hans hafi oft leiðrétt meinlegar mál og stafvillur.

Hér á eftir fer lítið dæmi, sem ætti að minna konur á, hve ískýggilegt það getur verið, að gift ast heimspekingum og skáldum eða öðrum rithöfundum, ekki sést ef í þeim býr ofurlitill stjórnsýsneisti.

Þegar Anna Karenina var að koma út, voru Tolstoy sendar prófarkir eins og lög gera ráð fyrir. Hann las þær auðvitað og leiðrétti eins og til var ætlast, en leiðréttingarnar vildu stundum verða heldur margar og flóknar. Fyrt merkti hann á blaðfrendum- ar eins og venja er til, bætti við stöfum og merkjum eða feldi þau úr. En þar með var ekki öllu lok-ið. Hann bætti við og breytti heilum orðum og setningum, strykði út og innritaði aftur þangað til prófarkirnar voru orðnar eins og útslitið þerriblað, óheinar og lúnar svo ekkert viðlit var að senda þær aftur, því að enginn gat lesið þær nema mamma. Hún varð því að sitja uppi alla liðlanga nóttina og skrifa alt upp aftur á nýju.

Að morgni lágu hreinar, vel skrifaðar og vandlega saman-brotnar arkir á borðinu, tilbúnar til að fara í prentsmiðjuna með fyrstu ferð.

Þá fór pabbi með þær inn í kompu sína, "rétt til að renna augunum yfir þær," eins og hann sagði. En að kvöldi voru þær orðnar alveg eins illa útleiknar og prófarkirnar höfðu verið.

"Mér þykir, það sárt," sagði hann þá við mómmu, "að eg hefi ónýtt verk þitt. En eg skal ekki gera það aftur." Þá var hann auðmjúkur eins og barn. "Við getum sent þær aftur á morgun." En sá morgundagur kom oft ekki fyrir vikum eða mánuðum seinna.

Eg verð að líta á handritið allra mögvast áður en það fer, sagði hann stundum. En þær breyttar, sem þá urðu á því, voru

hvorki meiri né minni en svo, að alt varð að umskrifast. Það kom stundum fyrir, að hann notaði síma til að koma að síðustu breytingunum.

Þrátt fyrir alt þetta erfiði og umstang, var höfundurinn óánægður með söguna. "Er það nokkurt þrekvirkir að lýsa því, hvernig maður fellir ástarhug til giftar konu?" sagði hann. "Það er sannarlega ekkert þrekvirkir og því síður getur það nokkru góðu til vegar komið." Og sonur hans telur það víst, að hann hefði eyði lagt söguna ef hann hefði getað þáð.

En kona Tolstoy's gerði meira en að handrita lít læs handrit; hún var einmitt þesskonar húsfreyja, sem heimurinn þarfnast mest. Hún annaðist börn sín, 6 að töl, með stökustu alúð og rærgætni, og þá ekki síður sjö- unda barnið, sem erfiðast var viðfanga — eiginmann sinn. Hún stjórnaði heimilinu með ráðdeild og dagnaði, sá um matreiðslu og fatasam og hreinritaði handrit, og hafði þó um langt skeið oftast nær barn á brjósti.

—Þýtt.

Varúðarreglur með matarhæfi ónaúðsyn- legar.

Gamla reglan með vísu sort af mat handa þeim senn þást af meltingar- leysi er ekki lengur í áliti hjá lækna- stéttinni, að nokkru leyti vegna veik- andi áhrifa sem það hefir, en mest vegna vísunnar fyrir því, að ofmikil magi, sýra er þess valdandi. Meltingar- arferin sjálf eru óskemd en magasýr- an yfir upp hina fingerðu magahúð og veldur sárindum og þembu. Hin rétta lækning er því að koma í veg fyrir sýru þessa og afleiðingar verða þjáningarlaus melting.

Til þess skal tekin tekið eða fjög- ur tablett af Bisurated Magnesia í of- urlitlu vatni og eyðir það á runni, kemur í veg fyrir gegun í fagðunni og leyfir þá maganum að vinna að meltingunni óhindruðum. Vegna sinn- ar rjótú verkanar, ætti Bisurated Magnesia sem fest hjá öllum lyfsgólum, að vera tekin fram yfir aðrar tegundir af magnesi, svo sem uppleystri í mjólk, carbon áttönu eða oxíde. Þeir sem þjáast af magasjúkdómum ættu að reyna þessa lækningu áður en í þjáfr- vikur og sjá afleiðingar.

Ruthenian Bookellers and Publish- ers, 850 Main Street, Winnipeg.